


4. KAFLI

Akstur í umferð



Mynd 4.1
Vegur í péttbýli.

► Þegar þú ert í pétttri og mikilli umferð er mikilvægt að halda ró og jafnvægi. Láttu ekki samferðamennina æsa þig. Hugsaðu fyrst og framkvæmdu síðan.

Í þessum kafla er farið yfir hvernig akstri er hagað í almennri umferð, sjá mynd 4.1. Eftir að hafa komið sér þægilega fyrir undir stýri, stillt sæti og speglar er vélun ræst og ekið af stað.

Bílstjórinn horfir fyrst og fremst fram fyrir bílinn en rennir stöðugt augunum: til hægri - til vinstri - fjær og nær í baksýnisspegilinn. Ekki má horfa hugsunarlaust í kringum sig í umferðinni, horfa án þess að sjá.

Það þarf að venja sig á að líta langt fram á veginn. Þá sést í tíma hvað getur haft áhrif á aksturinn og svigrúm gefst til þess að gera viðeigandi ráðstafanir.

Staðan á veginum


Bíl skal ekið á hægri vegarhelmingi og að jafnaði svo nærrí hægri brún akbrautar sem þörf er á vegna annarrar umferðar. Það má t.d. ekki aka of nærrí hjólandi eða gangandi manni sem er við vegarbrún. Við þurfum að taka tillit til útsynis yfir veginn og vera vel til hægri á hæðarbrúnum, í beygjum og ef skyggni er lélegt. Á einstefnubrautum þarf ekki að vera eins mikið til hægri á akbrautinni og þar sem umferð er í báðar áttir.

Að aka hægt

Ef aðstæður eru þannig, getur verið leyfilegt að aka hægt en þá þarf að vera með ökutækið vel hægra megin á akbrautinni og skilyrðislaust á akreininni sem er lengst til hægri séu akreinar fleiri en ein í sömu akstursstefnu. Þá verður einnig að liðka vel til fyrir þeim sem aka fram úr. Á mjóum vegum getur þurft að fara inn á útskot og hleypa bilum fram fyrir. Samkvæmt umferðarlögum er bahnað að tefja eða trufla umferð að óþörfu. Því skal forðast að aka langt undir eðlilegum umferðarhraða, því það getur skapað óþarfa slysahættu.

Okumenn sem aka nálægt hámarkshraða þurfa að gera sér grein fyrir því að sumir þurfa að aka hægt. Þeir hafa ef til vill litla æfingu í akstri við þær aðstæður sem um er að ræða eða telja sig af einhverjum ástæðum ekki nágu örugga til að aka eins hratt og aðrir. Stundum þarf að sýna svörla biölund en oftast gefst fljótlega gott tækifæri til að aka fram úr. Ekki skal ergja þann sem ekur hægt með því að ofnota flautuna.

→ Afslöppun við akstur er nauðsynleg. Gleymdu ekki að hafa yfirsýn yfir stórt svæði og renna augunum til hægri og vinstri.



Mynd 4.2

Vegur með tveim aðskildum akbrautum. Grænu örvarnar sýna hvernig má aka en gula örín hvar síður á að fara.

Akreinar og vegamót

Á vegum þar sem tvær akreinar eru í sömu akstursstefnu, engin beygjurein, og gathamót eru með akrein til vinstri, er heppilegra að aka beint yfir gatnamótin á hægri akrein, sjá mynd 4.2. Ef akreinarnar eru hins vegar þrjár við gatnamótin og umferð mikil mega ökumenn aka hlið við hlið beint yfir á báðum hægri akreinunum, ef engar merkingar hindra það. Ekki skal skipta um akrein á gatnamótum.

Tvær beygjuakreinar

Þar sem tvær beygjuakreinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í sömu akstursstefnu, skal sá sem velur hægri akrein í beygjunni fara inn á akrein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á.

Forgangur í umferðinni

Forgangur á gangbrautum

Skilyrðislaust skal víkja fyrir végfaranda sem ætlar sér að ganga yfir merkta gangbraut. Ef ökumaður er staðinn að því að virða ekki forgang gangandi á gangbraut má hann eiga von á því að greiða sekt, auk þess að fá 2 refspunkta í ökuferilsskrá.

Forgangur gangandi vegfarenda

Ökumaður sem ekur yfir gangstétt, göngustíg eða inn á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá. Sama á við um akstur inn á eða á göngugötu.

Við beygju á gatnámótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda sem sem fer yfir akbrautina sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni.

Forgangur á gatnamótum


Þegar ökumaður ætlar að beygja á gatnamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur, svo og gangandi fólki og hjóleiðamönnum sem fara þvert yfir götuna sem ökumaðurinn ætlar að fara á.

Neyðarakstur

Stundum þurfa þeir sem aka löggreglubíl, sjúkrabíl, slökkvibíl eða björgunarvíl að hraða för sinni. Þegar mikið liggar við fara þeir ekki eftir almennum umferðarreglum, en gefa blátt blikkandi ljós eða hljóðmerki eða hvort tveggja.

Stjórnendur annarra bíla verða þá að víkja til hliðar, nema staðar og gera allt sem hægt er til að greiða götu þeirra. Þó skal forðast að hemla snögglega. Á vegi þar sem eru tvær eða fleiri akreinar í sömu átt, aka ökutæki í neyðarakstri vanalega á þeirri akrein sem er lengst til vinstri. Því er ráðlegast að gefa stefnuljós og fara yfir á hægri akrein til að neyðarakstursökutækið komist sem skjótast áfram.

Mynd 4.3
Hægri reglan.



Heyri ökumaður ógreinilega slíkt hljóðmerki getur verið nauðsynlegt að skrúfa niður rúðu til að heyra betur hvaðan hljóðið kemur.

Forgangur hópbíla

Bílstjóri hópbíls, t.d. strætó, sem gefur til kynna með stefnuljósi að hann sé að aka frá biðstöð í þéttbýli skal eiga forgang. Þá ber okkur að draga úr hraða til að hleypa honum inn á götuna, eða jafnvel stöðva.

Hægri reglan

Þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang, sjá mynd 4.3. Báðum ökumönnum ber samt að sýna aðgát. Þetta segir okkur að við eignum að bíða og hleypa fram hjá ökutækjum sem koma frá hægri, en við eignum forgang fyrir þeim sem koma frá vinstri. Þó að þið eigið forgang við vegamót þýðir það ekki að þið megið aka hiklaust áfram. Öðru næر. Þið verðið alltaf að vera við því búin að öðrum verði á mistök og þá er það skylda þeirra sem hafa forgang að hægja á eða nema staðar til að komast hjá árekstri. Reglan sem hér hefur verið lýst er meginreglan um forgang og nefnist „hægri reglan“.


Þar sem sett hafa verið biðskyldu- eða stöðvunarskyldumerki við vegamót taka þau yfir hægri regluna. Sama á við þar sem umferð er stjórnað af löggreglu eða með ljósum, sjá mynd 4.4. Skerist leiðir eftir að komið er inn á vegamótin ber að virða hægri regluna.

Hægri reglan gildir einnig á opnum svæðum, t.d. ef að tveir bílar aka um bílastæði skal sá sem hefur hinn sér á hægri hönd víkja.

Hægri reglan gildir ekki þar sem ökutæki frá hægri eru á: bílastæði, lóð, landareign, bensínstöð, göngugötu, vistgötu, heimreið, gangstétt eða vegöxl.

Forgangur þar sem að vegur þrengist

Sums staðar eru þrengingar á vegum, til dæmis við einbreiðar brýr og við þrengingar í þéttbýli. Almennt gildir sú regla að sá sem er nær þrengingunni ekur áfram en sá sem er fjær bíður.




Mynd 4.4
Hér er umferðinni stjórnað með umferðarljósum.



Óhófumur. Því illað. Hættuleg gatnamót þar sem umferð frá hægri á forgang. Því illað.

7 wjw/18



*Mynd 4.5
Biðskylda á vegamótum.*

Hindrún okkar megin á veginum

Ef hindrun er okkar megin á akbrautinni verðum við að bíða eftir umferð sem kemur á móti.

Biðskylda

Sá sem ekur eftir vegi og kemur að vegamótum með biðskyldumerki við vegarbrúnina á að veita forgang allri umferð bæði frá hægri og vinstri á veginum sem hann ekur inn á eða yfir. Draga þarf tímanlega úr hraða og nema staðar ef nauðsyn krefur.


Ef ekki sést vel yfir veginn verður að nema algjörlega staðar. Á vegi með bundnu slitlagi er yfirleitt biðskyldulína sem sýnir okkur hvar við eignum að stansa, sjá mynd 4.5.

Stöðvunarskylda


Þegar ekið er eftir vegi og komið að vegamótum með stöðvunarskyldumerki við vegarbrún skal ökumaður skilyrðislaust nema staðar og veita forgang umferð á veginum sem hann ekur inná eða yfir, bæði frá hægri og vinstri. Bíllinn verður að stöðvast alveg og gildir það hvort sem umferð er á veginum eða ekki. Stöðva skal bíllinn með framendann við línuna, sjá mynd 4.6.

Sé engin lína skal stöðva þannig að framendi bílsins sé á móts við merkið. Oft sést illa til umferðar af staðnum sem skylt er að stöðva á og verður þá að færa bíllinn lengra inn á vegamótin.

*Mynd 4.6
Stöðvunarskylda á vegamótum.*



Þegar bílstjóri ekur inn á brautina þarf hann að gera það rösklega og reyna að ná sem fyrst eðlilegum umferðarhraða svo að hann trufli sem minnst þá sem koma eftir veginum sem hefur forgang. Þið verðið að gera ykkur grein fyrir hvort þið eruð á aðalbraut eða hvort um er að ræða einstök vegamót sem njóta forgangs fyrir umferð frá hliðarvegi. Stundum virðist gerð og lega vegarins benda til þess að við séum á aðalbraut, en því má aldrei treysta nema merkingar sýni það.



Að veita forgang


Þegar þið sjáið að annað ökutæki nálgast frá hægri er best að draga tímanlega úr hraða svo þið þurfið ekki að nema staðar. Sé umferð hins vegar mikil þarf oftast að stansa. Þá er mikilvægt að gera það liðlega og tímanlega. Sama hátt má oft hafa á þegar komið er að biðskyldumerki, sjá mynd 4.7. Þegar þið komið að stöðvunarskyldumerki þurfið þið að draga tímanlega úr hraða svo að þeir sem hafa forgang sjái fyrirætlun ykkar og geti ekið hiklaust áfram. Bílstjórinn sem ekur eftir aðalbraut þarf að hafa í huga að hann hefur ekki „rétt“ heldur forgang. Hann þarf því einnig að sýna gætni og vera viðbúinn óvæntum atvikum.

Ökumaður á að hafa sérstaka aðgát við vegamót og þurfi hann að nema staðar á hann að gera það þannig að það valdi sem minnstum óþægindum fyrir aðra. Reyna á að komast hjá að stansa inni á vegamótunum.

Þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum má ökumaður ekki fara inn á vegamótin á grænu ljósi ef umferðin bendir til þess að hann komist ekki yfir þau áður en grænt ljós kvíknar fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Mynd 4.7
Ökumaður á bíl B þarf að stöðva
tímanlega.

Y
nóttar: 11
L




Mynd 4.8

Nú þarf ökumaður að vera gætinn.

Þegar þið leggið af stað frá brún akbrautar eigið þið að bíða eftir að ökutæki sem ekið er eftir akbrautinni fari fram hjá. Ef bíll er samhliða akbrautinni er best að líta í hliðarspegil til þess að gæta að ökutækjum sem eru að koma. Stefnumerki er gefið út á akbrautina og sveigt inn á hana þegar færí gefst, sjá mynd 4.8. Þess skal gætt að ná sem fyrst eðlilegum ökuhraða og trufla þannig sem minnst umferðina á akbrautinni.

Bílstjóri sem ekur út á veg af bílastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi, af gangstétt eða vegaröxl, skal veita umferð sem fer í veg fyrir leið hans forgang. Sé beygt til hægri er gefið stefnumerki í þá átt og beðið eftir að umferð frá vinstri fari fram hjá. Beygi hann hins vegar til vinstri gefur hann stefnumerki í þá átt, gætir að umferð frá báðum áttum og bíður eftir auðri leið. Alltaf gildir sama reglan, að trufla sem minnst umferðina á akbrautinni.



Mynd 4.9


Bíl beygt til hægri.

Beygt á vegamótum

Þegar bílstjóri kemur að vegamótum lítur hann fyrst til vinstri, því ökutæki sem koma á vinstri hönd skera akstursleið hans en þau sem koma frá hægri. Við verðum alltaf að líta oftar en einu sinni í hvora átt til að vera viss um að okkur hafi ekki yfirsést.

Þegar þið beygið á vegamótum þurfið þið að gæta þess að valda ekki þeim sem koma á móti eða aka á eftir ykkur hættu eða verulegum óþægindum.

- Þegar þú velur bílnum stöðu á veginum í akstri þarf þú að hafa í huga að kringumstæður breytast stöðugt. Þú verður alltaf að færa bílinn með tilliti til nýrra aðstæðna.



Mynd 4.10
Bíl beygt til vinstri.


Til hægri

Þegar þið ætlið að beygja til hægri færir þið bílinn að hægri brún akbrautar, gefið stefnumerk til hægri og takið þrónga beygju, sjá mynd 4.9.

Þegar beygt er til hægri út af akbraut með hraðri umferð má ekki draga skyndilega úr hraða um leið og beygjan er tekin því að veruleg hætta er á að ökumaður sem á eftir kemur hafi ekki nágu mikið bil milli bílanna.

Til vinstri

Áður en beygt er til vinstri gefur ökumaður stefnumerk til vinstri og færir bílinn að miðlinu vegar ef aðstæður leyfa, sjá mynd 4.10. Á einstefnuakstursvegi er hann færður að vinstri brún akbrautar, ef ökumaður hefur tök á. Ekki má beygja fyrr en nálæg ökutæki sem koma á móti hafa farið fram hjá. Á meðan við bíðum höfum við bílinn samsíða miðlinu en ekki á skjön við áframhaldandi umferð. Sé bílum beygt til vinstri er hættan enn meiri ef öðrum bíl er ekið er aftan á hann, því þá eru líkur á að hann lendi á bíl sem kemur úr gagnstæðri átt. Ekki skal byrja að beygja fyrr en komið er vel inn á vegamótin. Þar sem aðstæður leyfa er heppilegra að taka vinstri beygju þannig að hægri hliðar bílanna sem eru samtímis í beygjunni snúi hvor gegn annarri. Þið þurfið samt að gæta þess að lenda hægra megin við miðlinu vegarins sem þið akið inn á, sjá mynd 4.11.




Mynd 4.11
Beygt til vinstri.
Hægri hliðar bílanna snúa saman.
Gæta verður vel að því hvort farartæki kann að leynast aftan við bílana.

- Að halda bílum á réttum stað á veginum þjónar tvenns konar tilgangi:

 1. Það er auðveldara fyrir þig og aðra að komast áfram í umferðinni.
 2. Þú sýnir öðrum hvert þú ætlar að aka og leið þín verður greiðari.

Mynd 4.12
Bíll við hlið bíls með eftirvagn.



Úti á vegum og víða í þéttbýli tökum við vinstri beygju svona:

- Gætum að umferð fyrir framan og aftan bílinn.
- Gefum stefnumerkí.
- Færum bílinn að miðju vegar.
- Minnkum smám saman hraðann.
- Gætum á ný að umferð í baksýnisspegli, vinstri hliðarspegli og fyrir framan bílinn til vinstri.
- Beygjum ákveðið inn á veginn til vinstri ef umferð leyfir.
- Fylgjumst með umferð sem kemur á eftir.

Talið er að algengustu ástæður fyrir því að bílstjóri lendir í árekstri í vinstri beygju séu:

- Hann vanmetur hraða eða fjarlægð bílsins sem kemur á móti.
- Hann gefur ekki stefnumerkí eða gefur það of seint.
- Röng staða bílsins sem beygt er.

→ Vinstri beygja á gatnamótum er varasöm. Þú þarfst því að vanda stöðu bílsins og gæta þín vel.

→ Aktu ekki á blinda svæðinu við hlið annars ökumanns. Reyndu heldur að færa þig aðeins framar eða aftar.

Við hliðina á löngum ökutækjum


Í þróngum beygjum getur verið varasamt að vera við hliðina á stórum bíl sem er með eftirvagn. Samtengdu öktækin eru svo löng að hluti þeirra fer yfir á næstu akrein, sjá mynd 4.12. Bíll með langan pall eða yfirbyggingu getur farið aðeins yfir akreinina við hliðina. Því má ekki aka fast upp við langan bíl sem verið er að beygja.

Akstur á akreinum

Á akbrautum með margar akreinar í sömu átt er talsvert mikill vandi að velja hina réttu miðað við fyrirhugaða akstursstefnu, eins og ætlast er til í umferðarlögnum. Sé það haft að leiðarljósi að fara ekki í veg fyrir aðra og liðka til fyrir þeim sem þurfa að breyta akstursstefnu, gengur umferðin greiðlega.

Á akbrautum með tvær akreinar í sömu akstursstefnu eiga ökumenn að vera með bílinn á hægri akrein eftir því sem umferð og aðstæður leyfa. Vinstri akreinin er fremur ætluð til þess að aka fram úr. Sé umferð þétt þarf stundum að nota báðar akreinarnar. Bílstjóri sem ekur á vinstri akrein þarf að gæta að ökutækjum sem koma á eftir. Hann á að leyfa framúrakstur með því að færa sig á hægri akrein. Hægur akstur á vinstri akrein er slæmur ósiður. Ef við ökum á hægri akrein þurfum við að greiða fyrir með því að hleypa bílum inn í lestina á hægri akreininni. Að jafnaði á ekki að aka fram úr á hægri akrein.

Það er slæmur akstursmáti að „hang“ á vinstri akreininni á akbraut með tveim akreinum í sömu akstursstefnu og hindra framúrakstur, sjá mynd 4.13.




Það getur bæði verið hættulegt þeim sem það gerir og samferðamönnum hans. Ef þrjár akreinar eru í sömu akstursstefnu gildir í raun sama regla. Sú sem er lengst til vinstri er aðallega ætluð til þess að aka fram úr en hinum tvær til þess að flytja aðal umferðina.

Þegar bílstjóri skiptir um akrein gætir hann vel að því hvort akreinin sem hann hyggst aka inn á sé auð eða nægilega langt bil sé milli ökutækja svo að hann komist inn á akreinina án verulegra óþæginda fyrir aðra.

→ Veldu í tæka tíð rétta akrein við vegamót því annars getur þú lokast af við óbrotna línu.

→ Þegar þú ekur hægt er enn nauðsynlegra fyrir þig að fylgjast með umferðinni fyrir aftan þig en þegar þú ekur hratt.


Mynd 4.13
Það má ekki loka vinstri akreininni.



Mynd 4.14
Ekki má sveigja milli akreina.

Fyrst þarf að koma bílum á sama eða heldur meiri hraða en er á ökutækjunum á akreininni. Stefnumerki er gefið og sveigt að deililínu og síðan inn á akreinina. Reynt skal að trufla sem minnst umferðina á akreininni með því að halda jöfnum umferðarhraða. Þegar þið skiptið um akrein notið þið baksýnisspegil og hliðarspegil til þess að fylgjast með umferð fyrir aftan bílinn og til hliðar við hann. Ekki skal skipta á milli akreina að óþörfu, (akreinasvig), sjá mynd 4.14. Ekki má skipta um akrein ef hún er afmörkuð með óbrotinni línu.


→ Að jafnaði skalt þú vera með bílinn svo nærrí hægri brún akbrautar sem aðstæður leyfa. Það á einkum við þegar þú ekur hægt.



Mynd 4.15
Nýting akreina á gatnamótum.

Þegar beygt er til hægri á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í sömu akstursstefnu er valin sú akrein sem er lengst til hægri og komið inn á þá sem er lengst til hægri. Sé hins vegar beygt til vinstri er sú akrein valin sem er lengst til vinstri og sé beygjurein er beygt af henni, sjá mynd 4.15. Þar sem tvær beygjuakreinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal sá sem velur hægri akrein í beygju koma inn á akrein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á.

Ef bíll er á vinstri akrein eftir að hafa verið beygt inn á veg með tvær eða fleiri akreinar í sömu átt og ökumaður ætlar fljótlega að beygja til vinstri, er ekki ástæða til að fara yfir á hægri akrein. En gæta skal þess að halda eðlilegum umferðarhraða og tefja ekki aðra á akreininni.



→ Akstur á hringtorgum er vandasamur. Hringtorgin gera sitt gagn en þau geta reynst þér erfið ef þú hefur ekki góða yfirsýn yfir akstursaðstæður.

*Mynd 4.16
Ekið á hringtorgi.*


Ekið á hringtorgi

Sá sem er á hringtorgi hefur forgang gagnvart þeim sem ekur inn á það. Ökutæki á innri akrein á hringtorgi hefur forgang út úr hringnum fyrir ökutæki á ytri akrein, enda á að vera merkt akrein út úr hringnum. Þegar bílstjóri ekur á ytri akrein á hringtorgi á hann að gefa stefnumerki til vinstri ef hann ekur framhjá útkeyrslu, sjá mynd 4.16. Hringtorg eru ekki öll nákvæmlega eins, en á þeim skal aka eftir umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum.


Aðstæður og umferðarþungi ráða nokkru um hvort heppilegra er að velja ytri eða innri akrein á hringtorgi. Þegar fyrirhugað er að aka út af hringtorginu á næstu gatnamótum skal samt alltaf velja ytri akrein. Ekki má skipta um akrein í hringtorgi. Gefa skal stefnuljós til hægri þegar ekið er út úr hringtorgi.

Aðreinar og fráreinar


Þegar bílstjóri beygir inn á akbraut af samhliða aðrein þarf hann að gá vel aftur með vinstri hlið bílsins. Hann notar vinstri hliðarspegil ef aðstæður leyfa og fullvissar sig um að ekki sé ökutæki aftur með bílnum eða of nærri fyrir aftan hann.



Mynd 4.17
Ökumenn þurfa að vita hvernig á að nota svona vegamót.



Mynd 4.18
Hindrun á vegi.



Mynd 4.19
Tannhjólaumferð á vegamótum.

Bílstjóri sem ekur eftir aðrein inn á akrein með þétri umferð þarf að samræma hraða bílsins hraða umferðarinnar á reininni sem hann hyggst aka inn á. Til þess notar hann aðreinina. Um leið og færi gefst þarf hann að fara af aðreininni, en má samt ekki skapa hættu eða valda þeim sem aka eftir hægri akreininni óþarfa óþægindum, sjá mynd 4.17. Sá sem ekur eftir aðalrein í þétri umferð þarf að gefa þeim sem kemur eftir hliðarvegi eða aðrein færi á að komast inn á. Hann hægir á bílum eða færir bílinn yfir á vinstri akrein ef reinarnar eru tvær.

Þegar ökumaður ekur á akrein yfir á frárein skal hann halda jöfnum hraða og nota fráreinina strax og hún byrjar.

Hindrun á vegi

Ef hindrun er á vegi skal bílstjóri sem ekur á þeim vegarhelmingi sem hún er á, bíða þar til nálæg ökutæki sem á móti koma hafa farið fram hjá, sjá mynd 4.18. Þá gefur hann stefnumerki til vinstri, gætir að umferð, ekur yfir á vinstri vegarhelming og fram hjá hindruninni. Síðan er gefið stefnumerk til hægri og ekið inn á hægri vegarhelming.

→ Stundum myndast biðröð vegna hindrunar á vegi. Þá átt þú að fara í röðina og halda þig þar en ekki að ryðjast fram með biðröðinni.

Tannhjólareglan

Þegar tvær raðir bíla bíða þess að komast á sömu akrein skal samkvæmt umferðarlögum, aka einum bíl til skiptis úr hvorri röð. Þessi regla á oft við þegar tímabundin þrenging verður á vegi, t.d. vegna umferðaráhapps eða framkvæmda.

Í mikilli umferð kemur stundum fyrir að óeðlilega löng biðröð myndast, t.d. í hliðargötu. Við þessar aðstæður getur hentað að nota tannhjólaregluna, sjá mynd 4.19.

Ökutæki mætast

Á breiðum vegum með bundnu slitlagi er yfirleitt ekkert vandamál að mæta bíl en nokkur hluti vegakerfisins er malarvegir og sumir mjóir. Þegar ökutæki mætast á slíkum vegum skulu stjórnendur þeirra draga úr hraða í tæka tíð og aka út að hægri brún akbrautar. Sumstaðar er bundna slitlagið svo mjótt að hægri hjól bíla sem mætast þurfa að vera utan við slitlagið. Þá verða báðir bílstjórarnir að draga mikil úr hraða áður en þeir sveigja út á vegöxlina.

Ef ökutæki mætast þar sem akbraut er svo mjó að hvorugt kemst fram hjá hinu skal sá ökumaður sem betur fær því við komið aka út af akbrautinni eða afturábak. Þá verða ökumenn að meta aðstæður og sýna liðlegheit. Stundum sýnir rykmökkur eða bjarmi af ljósum að ökutæki er að koma á móti og gefst þá tími til að velja góðan stað til að mætast.



Í kröppum beygjum og á hæðarbrúnum getur verið hættulegt að mætast og þarf því að hafa bílinn svo nærrí hægri vegarbrún sem mögulegt er, sjá mynd 4.20. Í dag er ekki óalgengt að sjá erlenda ferðamenn á bílaleigubílum kyrrstæða út í kanti að taka náttúrumyndir og skapa þannig hættu. Við slíkar aðstæður þarf að aka varlega.

Á röngum vegarhelmingi

Ef þið mætið ökutæki á ykkar vegarhelmingi eigið þið ekki að fara yfir á rangan kant. Reynslan sýnir að oft átta ökumenn sig á síðustu stundu. Við þessar aðstæður er best að færa bílinn svo nærrí hægri vegkanti sem mögulegt er og draga úr hraða eða nema staðar. Ef aðstæður leyfa er best að aka alveg út af akbrautinni hægra megin. Rétt er að vekja athygli ökumannsins með því að blikka ökuljósum. Einnig er reynandi að flauta.

Að mæta bílalest


Stundum myndast bílalest þegar margir eru að fara sömu leið. Alltaf er nokkur hætta á að einhver missi þolinmæðina, taki sig út úr lestinni og reyni framúrakstur þó að aðstæður leyfi það ekki, sjá mynd 4.21. Það kemur t.d. bíll á móti eða komið er skyndilega að þrengingu á akbraut. Sá sem ekur á móti bílalest þarf að vera viðbúinn þessari hættu. Til þess að bíllinn sjáist betur er öruggara að aka sem næst hægri brún akbrautar. Við verðum að gera allt sem við getum til að draga úr hættu á árekstri.



Mynd 4.20

Bílar mætast á blindhæð.

► Þegar ekið er fram úr þínunum bíl átt þú að gera framúraksturinn auðveldari með því að vera með bílinn vel til hægri á akbrautinni og draga úr hraða.




Mynd 4.21

Bíl ekið út úr bílalest.

Mynd 4.22

Ekið fram úr hægra megin á vega-mótum.



Mynd 4.22

Ekið fram úr bíl vinstra megin. Sá sem ekið er fram úr færir bílinn vel til hægri. Sá sem ekur fram úr:

- 1 Gætir vel að og gefur stefnuljós.
- 2 Eykur svoltíð hraðann til að vera fljótari.
- 3 Ekur til hægri.

Ekið fram úr

Aka skal fram úr vinstra megin. Þó má aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess er að beygja til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju, sjá mynd 4.22.

Þegar við hleypum ökutæki vinstra megin fram úr færum við bílinn að hægri brún akbrautar og drögum úr hraða eða nemum jafnvel staðar ef nauðsyn krefur.

Bílstjóri má ekki aka fram úr ökutæki nema hann geti það án þess að stofna sjálfum sér og samferðamönnunum í hættu.

Framúrakstur er mjög varasamur á vegum með eina akrein í akstursstefnu og hliðarvegum þar sem ökumenn verða annaðhvort að sinna biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Þess þarf sérstaklega að gæta að sá sem ekið er fram úr ætli ekki að beygja til vinstri.

Við verðum að hafa þá meginreglu að aka ekki fram úr á vegamótum nema sjá vel yfir þau og ekkert hindri framúraksturinn. Þetta gildir um allan framúrakstur. Umferðarlögin leggja einnig þær skyldur á ökumann að hafa sérstaka aðgát við vegamót og aka nægilega hægt miðað við aðstæður. Mikilvægt er að allir velji rétta akrein miðað við fyrirhugaða akstursstefnu.

Við veljum okkur góðan og öruggan stað til framúraksturs. Vegurinn þarf að vera beinn, nægilega breiður, og engin sjá-anleg hindrun fram undan þannig að vel sjáist fram eftir honum. Sérstaklega þarf ökumaður að gæta að hvort:

- Nokkur sé að koma á móti eða að aka út á veginn á því bili á akreininni sem bílstjórinn ætlar að nota til framúrakstursins.
- Sá sem á undan fer sé einnig að búa sig undir framúrakstur.
- Nokkur fyrir aftan sé að búa sig undir framúrakstur.
- Hann geti lent í erfiðleikum með að komast aftur inn í bílastesta. Það á ekki við á einstefnuakbraut.

Ávallt þarf bílstjóri sem ætlar að aka fram úr að fylgjast með umferð sem á eftir kemur, sjá mynd 4.23. Stefnuljós eru gefin til vinstri og ekið til vinstri þannig að gott bil verði milli hliða ökutækjanna. Þess skal gætt að nógu langt sé milli ökutækjanna áður en beygt er, því að annars sést ekki vel fram á veginn fyrir bílum sem á undan fer. Stór bíll

skyggir ennþá meira á en lítill bíll. Þegar komið er vel fram fyrir ökutækið, það er t.d. farið að sjást í baksýnisspegli, er gefið stefnuljós til hægri og ekið að hægri akbrautarbrún. Sumir ökumenn sýna að mögulegt sé að aka fram úr þeim með því að gefa stefnumerkí til hægri en þeirri bindingu má samt ekki treysta í blindni.


Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að auka nokkuð hraðann til þess að komast vel fram fyrir bílinn sem ekið er fram úr, áður en ekið er yfir til hægri. Á malarvegum verður samt að fara gætilega vegna hættu á steinkasti.

EKKI MÁ ÞVINGA NEINN TIL AÐ AKA HRAÐAR EN HANN TREYSTIR SÉR TIL. Framúrakstur getur því verið nauðsynlegur. Sá sem er næstur þeim sem hægt ekur á að aka fyrst fram úr. Vilji hann ekki aka fram úr verður hann að hafa það langt bil að ökutækinu fyrir framan að sá sem fram úr honum ekur geti komist í áföngum fram fyrir þá sem hægar aka, sjá mynd 4.24. Þetta gildir einnig þó þeim sem fremstir eru í lestinni finnist hraðinn nægilega mikill. Í þéttri umferð á hóflegum hraða ætti að reyna að komast hjá framúrakstri enda er hann í flestum tilvikum ónauðsynlegur og sparar lítinn tíma. **EKKI MÁ SAMT REYNA AÐ HINDRA FRAMÚRAKSTUR.**

Stundum reyna ökumenn að aka fram úr við erfiðar aðstæður. Þá þarf sá sem á undan fer að gera allt sem hann getur til þess að auðvelda það, m.a. með því að aka alveg út á hægri vegarbrún. Fyrir kemur að framúrakstur er sjáanlega hættulegur, það kemur t.d. bíll á móti á mjóum vegi eða ökutæki hefur verið stöðvað við gangbraut til að hleypa fólk yfir. Við slíkar aðstæður þarf að reyna að benda þeim sem fram úr vill aka á hættuna, sjá mynd 4.25 á næstu síðu. Oft er tíminn naumur en hættan á slysi veruleg. Þá getur komið að gagni að gefa stefnumerkí til vinstri.

Margir árekstrar hafa orðið vegna þess að ökutæki kemur á móti bíl sem verið er að aka fram úr öðrum. Það er erfitt að meta hraða ökutækis sem kemur á móti. Það er t.d. útilokað að sjá hvort bíl, sem er í 300 m fjarlægð, er ekið á 30 km/klst. eða 70 km/klst. Afleiðingar þessara árekstra eru oftast óhugnanlegar. Framúrakstur úti á vegum er eitt það vandasamasta í akstrinum. Þið verðið því að vera varkár þegar þið akið fram úr og megið alls ekki gera það nema ástæða sé til.


Hafi bílstjóri metið aðstæður rangt og bíll kemur á móti honum þegar hann er við hlið ökutækis í framúrakstri, skal hann ekki bæta á vandræðin með fljótfærni. Venjulega er



Mynd 4.24

Sá sem fram úr fer verður að fá tæki-færi til að komast aftur inn í lestina.

► **Framundan er langur vegur með vörubíl sem dregur eftirvagn. En getur þú séð hvort þú nálgast eftirvagn? Jú, hann er með þríhyrnd glitaugu og oft merktur með orðunum:**
„Langt ökutæki.“




Mynd 4.25

Þessi ökumaður gerir það sem í hans valdi stendur.

➔ Þú mátt aldrei aka fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Það er með hættulegustu brotum á umferðarreglum.

➔ Þegar þú ekur fram úr þarf þú að hugsa rök-rétt. Sjáir þú að framúrakstur er varasamur er sennilega ekki of seint að hætta við hann.



Mynd 4.26

Bíl ekið fram úr hjóleiðamanni.

skást að hemla, draga úr hraða eins og hægt er og færা bílinn að hlið ökutækisins sem ökumaður reyndi að aka fram úr eða aftur fyrir það.

Þegar ekið er fram úr hjóleiðamanni þarf að gæta þess að hafa gott bil milli bíls og hjóls. Samkvæmt umferðarlögum skal hliðarbil vera að lágmarki 1,5 metrar þegar ekið er fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli, sjá mynd 4.26. Sterkt loftsgog myndast við hliðina á stóru ökutæki, sem er á nokkrum hraða og þeim mun meira sem hraðinn er meiri.

Nokkur hætta er á að hjóleiðamaðurinn átti sig ekki á kerru eða húsvagni aftan í bíl og sveigi inn á akbrautina aftan við bílinn.

Fram hjá vegagerðartæki má aka eins og hagkvæmast er miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

Algengustu mistök við framúrakstur eru að ökumaður:


- Gleymir að gá aftur fyrir og til hliðar við bílinn og sér ekki ökutæki sem einnig er að aka fram úr.
- Ekur of nærrí ökutæki sem hann ætlar fram úr og sér þess vegna ekki annað sem kemur á móti.
- Hefur ekki látið þann sem hann ætlar að aka fram úr vita um fyrirætlan sína og sér ekki að sá sem á undan er verður að sveigja til vinstri, t.d. vegna hindrunar á vegi.
- Fipast því að hann ekur hraðar við framúraksturinn en hann ræður við.

Ekið afturábak og snúið við á vegi

Ekki má snúa ökutæki við á vegi eða aka því afturábak nema það sé hægt án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð. Oftast er heppilegra og áhættuminna að aka einhvern spöl og finna stað utan akbrautar til að snúa við en gera það á akbrautinni. Aðstæður ráða samt mestu um hvað heppilegast er að gera. Í flestum nýjum bílum er bakkmyndavél sem eykur öryggi til muna þegar bakkað er. Passa þarf upp á að linsan á bakkmyndavélinni sé hrein, annars gerir hún lítið gagn.

Ef aðstæður leyfa að bíl sé snúið við á vegi á að aka honum áfram til hægri og taka síðan beygjuna til vinstri.

Alltaf er varhugavert að aka afturábak, einkum þar sem barna er von. Áður en það er gert getur ökumaður þurft að ganga aftur fyrir bílinn og gæta að börnum og öðru sem kynni að vera þar, sjá mynd 4.27. Í baksýnisspegli og hliðarspeglum sést ekki allt það svæði sem þarf að fylgjast með. Því er nauðsynlegt að líta til hliðar og horfa aftur fyrir bílinn um leið og bakkað er. Í flestum nýjum bílum eru bakkmyndálar og bakkskynjarar sem láta vita ef hindrun er fyrir aftan bílinn. Slíkur búnaður eykur öryggið vissulega, en engu að síður þarf að hafa fulla athygli þegar bíl er bakkað.



Mynd 4.27
Barn er skammt fyrir aftan bíl.

Skylt er að gefa stefnumerki áður en bíl er ekið inn í eða út úr bílastæði. Einnig er skylda að gefa stefnuljós þegar breytt er um akstursstefnu aftur á bak, þ.e. bíl er bakkað með beygju inn í bílastæði eða honum er bakkað úr stæði.

Þegar ekið er afturábak þarf að aka hægt. Oft er nauðsynlegt að stilla hraðann með því að stíga á kúplingu (ef bíllinn er beinskíptur). Fari bíllinn of hratt er kúpling stigin örlítið lengra niður, en vilji ökumaður fara hraðar gefur hann hana svolítið upp. Sé bakkað niður brekku á þetta ekki við en þá þarf að nota fótbremsu til að hægja á bílnum.

→ Margir árekstrar verða þegar bíl er beygt til vinstri en annar kemur á móti. Oft vanmetur sá sem beygir hraða bílsins sem kemur á móti. Var sá sem beygir nægilega gætinn? Ók sá sem á móti kom of hratt og þurfti bílstjórnin að aka á bíllinn sem var verið að beygja? Hafðu þetta í huga þegar þú stjórnar öðrum hvorum bílum.

Þegar beygt er um leið og ekið er afturábak færist framendi bílsins til hliðar. Þess vegna megum við ekki gleyma að líta fram þegar við tökum beygju um leið og ekið er afturábak.

Vegur þrengist

Þar sem akbraut þrengist svo að ekki er rúm fyrir two bíla skal sá sem er á undan aka áfram. Sá sem er á eftir dregur úr hraða og stansar ef með þarf. Ef tveir bílar eru alveg sam síða skal sá sem hefur hinn sér á hægri hönd draga úr hraða og hleypa hinum fram hjá. Þetta gildir ef ekki eru sérstakar merkingar sem mæla fyrir um annað. Við þessar aðstæður má ekki reyna framúrakstur.

Gangandi fólk

Þegar við mætum eða ökum fram hjá gangandi vegfaranda eigum við að veita honum nægilegt rými á veginum og gefa honum tíma til að víkja til hliðar ef með þarf.

Á vissum stöðum hefur gangandi vegfarandi skilyrðislauson forgang fyrir þeim sem ekur bíl, s.s. á gangbraut, þegar ekið er yfir gangstíg, á göngugötu eða þegar bílstjóri ekur út á veg af lóð eða opnu svæði utan vegar.

Vistgötur eru götur innan íbúðarhverfa þar sem allri umferð gangandi og akandi er ætlað að vera saman á götunni. Þar þarf að aka hægt og viðhafa fyllstu aðgát. Þar má ekki aka hraðar en 15 km á klukkustund. Við akstur eftir þessum götum ber að virða að gangandi fólk hefur forgang. Heimilt er að að dveljast og vera að leik á vistgötu.



Göngugötur

Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil á göngugötum. Þó er heimil umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, þeirra sem hafa stæðiskort fyrir hreyfihamlæða, sem og lögreglu, slökkviliðs- og sjúkrabíla. Einnig mega þeir sem eru að afhenda verslunum, veitingastöðum og sambærilegum aðilum vörur á tilteknunum tínum dags, aka á göngugötum. Sá tími er þá gefinn til kynna með skilti. Þeir sem hafa heimild til þess að aka um göngugötu verða að sýna gangandi vegfarendum sérstaka tillitssemi og víkja fyrir þeim. Þeir mega ekki aka hraðar en 10 km/klst.



Mynd 4.28

Efra skiltið táknað upphaf vistgötu.
Neðra skiltið táknað enda vistgötu.


Bil milli ökutækja

Þegar tveim eða fleiri ökutækjum er ekið í sömu átt hverju á eftir öðru þarf að vera bil á milli þeirra svo að ökumaður geti stöðvað sitt ökutæki í tíma þó að þau sem á undan fara séu stöðvuð snögglega. Hyggilegt er að fylgjast með bremsuljósum næstu bíla á undan eftir því sem unnt er.

Bil milli ökutækja þarf að vera því meira sem hraðar er ekið. Það tekur ökumann alltaf svoltla stund að átta sig á því að hann þurfi að draga úr hraða og færa fótinn af eldsneytisgjöf yfir á hemla. Bíllinn fer lengri vegalengd á meðan - eftir því sem hraðar er ekið.

Ýmis ráð eru gefin til að auðvelda ökumanni að ákveða bilið milli bíla á akbraut. Eitt er að hafa svo mikið bil í metrum sem hraðamælirinn mælir í kílómetrum. Samkvæmt því er t.d. heppilegt bil á milli tækja á vegi með 70 km hámarkshraða 70 metrar, 90 metrar á 90 km vegi og svo framvegis. Önnur einföld regla sem nefnd hefur verið þriggja sekúndna reglan er á þessa leið:

- Ökumaður gætir að staur eða einhverju öðru kennileiti við vegkantinn og fylgist með hvenær bílnum á undan er ekið þar fram hjá.



*Mynd 4.29
Þriggja sekúndna reglan.*

- Hann má síðan ekki aka sjálfur fram hjá staurnum fyrir en eftir þrjár sekúndur.
- Tímann finnur ökumaður nokkuð nákvæmlega með því að telja „þúsund og einn, þúsund og tveir, þúsund og þrír“, sjá mynd 4.29.

Þessar reglur eiga við þegar gott veggrip er á öllum veginum. Ef hálka eða hálkublettir eru þarf bilið að vera lengra.

Að stöðva bíl

Vegalengdin sem bíll fer meðan ökumaður er að stöðva hann er skipt í tvennt; viðbragðsvegalengd og hemlunarvegalengd. Þegar þessar tvær vegalengdir eru lagðar saman fæst stöðvunarvegalengdin, sjá mynd 4.30. Mjög er breytilegt hve mikil hún er.



*Mynd 4.30
Stöðvunarvegalengdinni er skipt niður í viðbragðsvegalengd og hemlunarvegalengd.*

Viðbragðsvegalengdin

Viðbragðsvegalengd er sú vegalengd frá því að við skynjum hættu við akstur þar til að við bregðumst við, t.d. með því að stíga á bremsuna. Viðbragðsvegalengdin eykst ef ökumaðurinn er t.d. þreyttur, ölvaður, ekur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja, talar í farsíma við akstur eða einbeitir sér ekki við aksturinn.

Viðbragðsvegalengdin er komin undir:

- Ökuhraða.
- Athygli ökumanns.
- Viðbragðsflýti ökumanns.

Sem dæmi um viðbragðsvegalengd má nefna að bílstjóri ekur á 80 km/klst. Hann er vel á verði og bregst við á 0,8 sek. Á meðan fer bíllinn u.p.b. 18 m. Sé bílstjórinn örlítið seinni og bregðist við á einni sek. fer bíllinn u.p.b. 22 m á þeim tíma. Algengur viðbragðstími hjá fullfrísku fólk er um 1 sekúnda.

Hemlunarvegalengdin

Hemlunarvegalengdin, þ.e. hversu langan spöl bíllinn fer eftir að ýtt hefur verið á bremsuna, er einkum háð ökuhraðanum og veggripinu, þ.e. viðnáminu milli hjólbarða og vegar. Best er veggripið á þurrum vegi með bundnu slitlagi. Á þéttum, sléttum og láréttum malarvegi má gera ráð fyrir að á 80 km/klst. sé hemlunarvegalengdin 60 m. Hemlunarvegalengdin er minni þegar ekið er upp brekku en á láréttum vegi, en meiri þegar ekið er niður brekku. Þegar hraði ökutækis ertvöfaltaður, þá fjórfaldast hemlunarvegalengdin.


Stöðvunarvegalengdin

Vegalengdin sem bíll fer frá því ökumaður skynjar nauðsyn þess að stansa og þar til hann hefur náð að stöðva bíllinn nefnist stöðvunarvegalengd. Miðað við dæmin sem tekin eru í tveimur síðustu greinum er stöðvunarvegalengdin á láréttum malarvegi á 80 km/klst. því u.p.b. 80 m, það er 20 m í viðbragð og 60 m í hemlun.

Hraðinn

Ökuhraðann skal að jafnaði miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra.

Bíll sem er á hreyfingu hefur hreyfiorku. Það fer eftir þyngd bílsins og hraða hans hve mikil hreyfiorkan er. Þegar hraði bílsins er tvöfaldur fjórfaldast hreyfiorka bílsins og sama gildir um hemlunarvegalengdina.

**Mynd 4.31**

Á myndinni sést hvernig aukinn hraði hefur áhrif á stöðvunarvegalengdina. Hvítu reitirnir tákna viðbragðslengdina, en þeir dökku hemlunarvegalengdina. Hemla er á vegin með bundnu slitlagi.

Þegar hraðinn er þefaldur nífaldast hreyfiorkan og hemlunarvegalengdin nífaldast einnig, sjá mynd 4.31. Þetta þarf ökumaður að hafa í huga þegar hann stígur niður eldsneytisgjöfina.

Eitt það mikilvægasta til að tryggja öryggi í akstri er að takmarka hraðann. Ökumaður verður að geta stöðvað bílinn á því bili sem hann sér yfir fram á veginn og áður en hann kemur að hindrun sem þar kann að vera. Við verðum að geta stöðvað bílinn og komið í veg fyrir árekstur ef annar ökumaður brýtur umferðarreglurnar, t.d. virðir ekki biðskyldu eða varúð til hægri.

EKKI MÁ SAMT AKA AÐ ÓPÖRFU SVO HÆGT EÐA HEMLA SVO SNÖGGLEGA AÐ ÞAÐ TEFJI EÐLILEGAN AKSTUR EÐA SKAPI HÆTTU. HEPPILEGAST ER AÐ HALDA EÐLILEGUM UMFERÐARHRAÐA MIÐAÐ VIÐ AÐSTÆÐUR OG REGLUR UM HÁMARKSHRAÐA. MEÐ ÞVÍ GENGUR UMFERÐIN BEST OG MINNA VERÐUR UM FRAMÚRAKSTUR.

Nauðsynlegt er að miða hraðann við að geta alltaf haldið bílnum stöðugum á þeim hluta vegarins sem honum er ætlaður. Frá þessari reglu má aldrei víkja.

Við ákveðum hraða bílsins eftir:

- **Veginum:** Það verður að aka hægt eftir hálum, holóttum, mjóum, bugðóttum og blautum vegi með lausu yfirborði. Hraðar má aka eftir breiðum, greiðum og þurrum vegi með bundnu slitlagi.
- **Útsýni:** Það verður að aka hægt þegar dimmt er, rigning, skyggning lélegt eða illa sést fram á veginn vegna blindhæða eða beygja. Hraðar má aka þegar veður er bjart og skyggning gott.

→ Á akbraut með tvær akreinar í sömu akstursstefnu ekur þú að jafnaði á hægri akrein. Þú ekur fram úr á vinstri akrein. Á henni ekur þú einnig ef þú ætlar fljótlega að beygja til vinstri eða ef þú ætlar að jafna álag á akreinar í mikilli umferð.

- Umferðinni:** Í íbúðarhverfum og þar sem barna eru von verður að aka hægt, einnig þar sem mikil er um gatnamót og viðkomustaði strætisvagna. Hraðar má aka utan þéttbýlis í strjálli umferð.
- Bílum:** Ef hjólbarðar eru farnir að slitna, bíllinn er með þungan farm eða dregur kerru verður að aka hægar.
- Ökumanninum:** Nýliði í akstri eða sá sem finnur sig á einhvern hátt óöruggan eða illa upplagðan verður að aka hægt. Þreyttur eða óöruggur bílstjóri á að taka sér hvíld við aksturinn við fyrsta tækifærni. Reyndur ökumaður, óþreyttur og vel upplagður, má aka hraðar.
- Hraðinn** má samt aldrei fara yfir leyfðan hámarks-hraða.

Sjónsvið ökumanns

Venjulegt sjónsvið ökumanns í kyrrstöðu er um 180 gráður. Við aukinn hraða minnkar sjónsvið bílstjórans og hann sér verr til hliðanna. Sem dæmi má nefna að venjulegt sjónsvið ökumanns á 70 km/klst. er u.p.b. 65 gráður og eftir því sem hraðar er ekið þrengist það enn meira, sjá mynd 4.32. Um það bil 90% þeirra upplýsinga sem við fáum þegar við ökum kemur í gegnum sjónina. Augað er þannig gert að sá hlutur sem við beinum augunum að sjáum við mjög skýrt. Í jaðarsjónsviðinu greinum við hins vegar ekki liti heldur sjáum eingöngu í svarthvítu.


Hins vegar greinum við vel hreyfingar í jaðarsjónsviðinu. Þegar við lítum síðan á þann hlut sem við greindum í jaðarsjónsviðinu sjáum við hann greinilegar.

Til þess að auka umferðaröryggi er því nauðsynlegt að skipta reglulega um áhorfspunkt.

Jaðarsjónin gegnir þó mikilvægu hlutverki í skynjuninni. Hún er næm á allar hreyfingar og birtuskynjun.

→ Treystu aldrei í blindni að aðrir veiti forgang þó að þeim beri að gera það. Góður ökumaður er tilbúinn að afstýra slysi með því að gefa eftir forgang.

→ Aktu alltaf þannig að þú getið numið staðar í tíma. Hafðu rétt bil að næstu bifreið og notaðu þriggja sekúndna regluna. Þá ekur þú af öryggi.



Mynd 4.32
Þegar hraðinn er aukinn þrengist sjónsvið ökumanns.

→ Reynslan sýnir að það verða mörg umferðaró-höpp þegar bíl er ekið afturábak vegna þess að:

a) Ökumaður sér ekki nægilega vel aftur fyrir bílinn.

b) Aksturinn kemur öðrum vegfarendum að óvörum.

Þess vegna mátt þú ekki trufla eða hindra aðra umferð að óþörfu þegar þú ekur afturábak. Þá verður þú líka að aka hægt.

Það er mjög mikilvægt því það gerir okkur kleift að greina hreyfingu og þá hugsanlegar haettur í jaðrinum þó við horfum ekki beint á þær. Sem dæmi má nefna bíla sem koma af hliðargötum og löggreglubíla í neyðarakstri sem koma aðvífandi með forgangsljósin á. Þannig vinna jaðarsjónsviðið og skarpa svæðið vel saman. Flest mistök ökumanna verða út af slæmum akstursháttum þeirra og eins út af því að þeir beita sjóninni ekki rétt.

Rétt beiting sjónarinnar ræður miklu um það hversu öruggur ökumaður þú verður í framtíðinni.

Sjónsvið ökumanns ræðst m.a. af:

- Hve góða sjón hann hefur.
- Veðri.
- Hve góð og vel stillt aðalljósin eru á bílnum.
- Hve hrein glerin á aðalljóskerunum eru.
- Hve góð og hrein framrúðan er.
- Hve góðar rúðuþurrkurnar eru (í úrkому).
- Hvort ljósgeisli frá öðru ökutæki truflar bílstjórann.

Tíminn sem sparast með auknum hraða

Það sparast líttíll tími, einkum á stuttum leiðum, þótt hraðinn sé aukinn þegar hann er kominn yfir mesta hámarkshraða í þéttbýli. Við gætum sparað tvær mínútur á 10 km leið en tuttugu mínútur á 100 km leið ef við aukum meðalhraðann úr 50 í 60 km á klukkustund, en sjö mínútur á 100 km leið með því að auka hraðann úr 90 í 100 km á klukkustund.

Það fer eftir gerð vegarins og öðrum aðstæðum hve marga bíla vegur getur flutt á ákveðnum tíma.

Ekki er hægt að koma fleiri bílum eftir vegi á klst. þó að hraðinn sé t.d. aukinn úr 70 km/klst í 80 km/klst vegna þess að bilið milli bíla verður að vera því lengra sem hraðar er ekið. Við getum sparað svolítinn tíma en á móti kemur aukin slysahætta með auknum hraða.

→ Þegar þú nálgast gatnamót þar sem aðrir hafa forgang en þú átt að bíða, skalt þú draga úr hraða í tíma svo að ökumennirnir á hinni brautinni sjái hvað þú hyggst gera. Ef þú ekur hratt að gatnamótunum tefur þú bæði þig og aðra.

Hraðablinda

Fyrir kemur að ökumaður áttar sig ekki á hraða bílsins, einkum ef hann ekur lengi hratt eftir góðum vegi með lítilli umferð. Þetta er nefnt hraðablinda. Þá hættir bílstjóranum við að fara allt of hratt ef vegur versnar, t.d. þegar malarvegur tekur við af vegi með bundnu slitlagi.

Til þess að koma í veg fyrir hraðablindu þarf að fylgjast vel með hraðamerkingum á veginum sem ekið er um, fylgjast vel með hraðamæli bílsins og festa ekki augun á veginum framundan.

► Barn veit ekkert um stöðvunarvegalengd bíls. Þú verður að gera ráð fyrir að það hlaupi fyrir bílinn og haldi að hægt sé að stöðva hann á „punktinum“ þó hratt sé ekið. Öruggasta ráðið er að aka hægt fram hjá börnum, hafa augun opin og vera í viðbragðsstöðu.

Hámarkshraði

Hámarkshraði á vegum samkvæmt lögum er sað hraði sem má vera mestur á bíl við bestu mögulegar aðstæður. Ökumaður verður að nota dómgreind sína til þess að meta hve hratt má aka hverju sinni því oft leyfa aðstæður ekki að ekið sé á hámarkshraða.

Miða skal hraðann við gerð og ástand vegarins, umferðaraðstæður, birtu og veður, gerð og ástand ökutæksins sem ekið er.

► Þegar þú sérð göngumann eða hjóreiðamann við veg er mikils virði að ná augnsambandi við þá. Örlítil binding um að þú hafir séð samferðamanninn getur verið mikils virði.

Þéttbýli

Samkvæmt umferðarlögum er almennur hámarkshraði í þéttbýli 50 km á klukkustund. Í íbúðahverfum og við skóla er algengur hámarkshraði 30 km á klukkustund. Þessi hraði er engin tilviljun. Rannsóknir benda til þess að 90% gangandi vegfarenda lifi af árekstur ef hraði ökutækis sem ekur á þá er ekki yfir 30 km/klst. Þegar hraðinn er 50 km/klst verður hættan á banaslysi átta sinnum meiri sem þýðir að aðeins 20% lifa áreksturinn af. Þess vegna er það gríðarlega mikilvægt að virða hraðatakmarkanir í íbúðahverfum, við skóla, stofnanir og aðra staði þar sem að búast má við gangandi vegfarendum. Einnig getur verið óþarfi að aka um íbúðahverfi á leið sinni á áfangastað ef hægt er að fara stærri götur sem bera meiri umferð, þ.e. ef slíkt er fyrir hendi.


Bílastæði

Á afmörkuðum bílastæðum má ekki aka hraðar en 15 km/klst.



Mynd 4.33
Hraðahindrun á vegi.

➔ Göngumaður getur óvænt farið út á akbrautina. Vertu var-kár þar sem fólk er á gangi.



Mynd 4.34
Við erfiðar aðstæður getur það liðkað verulega til að komast í augn-samband við ökumenn.

Vistgötur

Á vistgötum ber að aka hægt og ekki hraðar en 15 km á klst.

Sumstaðar er komið fyrir hraðahindrnum, sjá mynd 4.33. Sé ekið yfir þessar hindranir á hóflegum hraða valda þær ekki óþægindum.

Utan þéttbýlis

Hámarkshraðinn á malarvegum utan þéttbýlis er 80 km á klukkustund en leyft er að aka á 90 km/klst á vegum með bundnu slitlagi. Vörubílum og kranabílum sem eru meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd má nú aka á 90 km/klst ef aðstæður leyfa.

Bílar með eftirvagna mega nú aka á 90 km á klukkustund á vegum utan þéttbýlis með bundnu slitlagi. Áður var hraðinn með eftirvagna 80 km/klst, en með nýjum umferðarlögum sem tóku gildi í janúar 2020 var þessu breytt á þann veg að sömu hraðatakmörk gilda fyrir alla bíla, hvort sem þeir draga kerrur eður ei.

Sumstaðar þar sem æskilegt þykir vegna öryggis eru hraðamörkin lækkuð frá því sem almennt gildir um hámarkshraða. Þá er merki við vegarbrúnina sem sýnir hámarkshraðann og gildir sá hámarkshraði veginn á enda eða þar til komið er að merki með nýjum hámarkshraða, merki um að sérstökum hámarkshraða sé lokið eða merki um þéttbýli.

Hér á landi eru engar hraðbrautir. Hámarkshraði getur því hvergi orðið sambærilegur við það sem er á hraðbrautum erlendis.

Þar sem ökumanni er sérstaklega skylt að aka hægt og varlega


- **Þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs.** Oft er skyggni hvað lakast þegar er að birta á morgnana og að skyggja á kvöldin. Í þoku og úrkomu er útsýn alltaf takmörkuð.
- **Við vegamót.** Akstursleiðina þarf að velja með tilliti til þess hvar greiðast er að fara og hvar aukin umferð veldur minnstum töfum. Yfirleitt er leið með hægri beygjum auðveldari og hættuminni en leið með vinstri beygjum þó lengri sé. Á gatnamótum er nauðsynlegt að fylgjast með ökumönum annarra ökutækja. Með því má oft ráða í hvað þeir hyggjast gera, sjá mynd 4.34.

- **Í beygjum.** Hraði bílsins verður að fara eftir lögum og gerð beygjunnar. Langur og mikill sveigur á vegi leynir á sér og í slíkum beygjum má ekki auka hraðann fyrr en í lok beygjunnar, sjá mynd 4.35.

Venjulega förum við svona að í beygjum:

1. Drögum úr hraða áður en kemur að beygjunni.
2. Ökum á jöfnum og litlum hraða í aðal beygjunni.
3. Aukum hraðann þegar við förum út úr beygjunni.

Það er auðveldara að ná beygju ef veginum hallar inn í henni en hefur öfug áhrif ef hallinn er á hinn veginn. Sé ekið of hratt í beygju og finnist ökumanni miðflóttaaflið vera að ná yfirhöndinni má hann ekki hemla. Það eru mistök því meiri líkur eru á að hann komist klakklaust gegnum beygjuna ef hjólin snúast eðlilega, sjá mynd 4.36.




Mynd 4.35

Bílnum er ekið of hratt. Hann rennur til.



Mynd 4.36


Bílnum er ekið of hratt og ökumaður hefur ekki stjórn á honum.



Mynd 4.37

Blindhæð skipt með akbrautarmerkji.


- **Við blindhæðir eða annars staðar þar sem vegsýn er skert.** Hæðarbrúnir á vegum eru miskrappar og misjafnt er hve vel sést til ökutækja sem á móti koma. Sjáist ekki yfir brúnina er hún nefnd blindhæð. Slíkum hæðum er oft skipt með akbrautarmerkjum á miðjum vegi, sjá mynd 4.37. Blindhæðir með beygju og lágar blindhæðir sem ökumaður varar sig ekki á að bíll geti leynst á bak við eru mjög hættulegar, sjá mynd 4.38. á næstu síðu.
- **Þegar hætta er á að ljós valdi óþægindum.** Bílstjóri sem ekur í myrkri og fær sterkan ljósgeisla í augun hættir skyndilega að sjá nægilega vel fram á veginn. Ökumaður verður að sjá fyrir hættuna og haga akstrinum með tilliti til þess því það getur verið of seint að hægja á þegar hann hefur blindast.



Mynd 4.38

Beygja á lágri blindhæð. Línurnar sýna hvar ekki má aka fram úr vegna þess að þar sést ekki nægilega vel fram á vegginn.

- **Pegar vegur er blautur eða háll.** Akstur í hálku er vandasamur og ökumaður getur því aðeins ekið vel í hálku að hann fái þjálfun í hálkuakstri. Aðalatriðið er að halda veggripinu, þ.e. viðnámi hjólbærða við veginn. Um akstur í hálku og snjó verður fjallað í 5. kafla.
- **Áður en komið er að gangbraut.** Þegar ökumaður nálgast gangbraut skal hann draga úr hraða. Ef einhver er á leið út á gangbrautina eða er á gangbrautinni, skal ökumaður draga tímanlega úr hraða til að vera öruggur um að geta stöðvað bílinn í tæka tíð. Með því að hemla tímanlega er bílstjórinn öruggari um að geta numið staðar þó aðstæður reynist verri en hann hugði. Eins sýnir hann þá öðrum vegfarendum fyrirætlan sína nógum fljótt. Þegar við höfum stöðvað bílinn á vegalengdin að gangbraut ekki að vera minni en 10 metrar, eða tvær til þrjár bíllengdir. Þar sem umferð er mikil og hæg og ekki er hætta á að bíll fari fram úr, þarf vegalengdin að gangbraut ekki að vera svona mikil, en hún má samt aldrei vera minni en rúmlega ein bíllengd eða u.p.b. 5 m. Ríflegt bil að gangbraut veitir þeim sem í gáleysi ætlar að aka fram úr meira svigrúm til að stansa, sjá mynd 4.39. **Ekki má skipta um akrein eða aka fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni, hvort sem gangandi vegfarandi er þar á ferð eða ekki.**




Mynd 4.39

Það má aldrei aka fram úr við þessar aðstæður.

→ Ef einhver ekur ólöglega fram úr þínnum bíl, t.d. rétt við blindhæð eða þegar bíll kemur á móti, átt þú ekki einnig að gerast lögbrjótur. Þú verður bara að auðvelda framúraksturinn og draga þannig úr hættu á slysi. Þú færir bílinn þinn vel til hægri og dregur úr hraða hans.

- **Þegar ökutæki mætast á mjóum vegi.** Sumstaðar þrengist vegur fyrirvaralaust, t.d. af brú, ræsi eða þegar brotnað hefur úr vegkanti. Við þurfum að fylgjast vel með hvar þetta er og gæta þess að mæta ekki ökutækjum á slíkum stöðum. Hættulegt er að keppa við þann sem kemur á móti um að komast fram hjá svona hindrun.
- **Þegar ökumaður nálgast hópbíl eða merktan skólabíl sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út.** Í þessum bílum ferðast alltaf talsvert af fólk sem ekki þekkir vel til umferðarinnar og viðhefur ekki nægilega varúð þegar það er á leið í bílinn eða úr honum. Bílstjóri sem meira kann þarf því að sýna þessu fólk sem öðru tillitssemi, sjá mynd 4.40.
- **Þegar ökumaður nálgast barn á vegi eða við veg.** Í þéttbýli má alltaf búast við börnum og verður bílstjórinn að haga akstrinum í samræmi við það. Við þurfum að hafa í huga að oft taka börn skyndi-ákvarðanir sem eru ekki í neinum tengslum við reglur og venjur. Víða eru afmörkuð sérstök leiksvæði fyrir börn. Við þessi svæði skal gæta ýtrustu varúðar.
- **Þegar ökumaður nálgast aldraðan eða fatlaðan vegfaranda eða þann sem ber auðkenni sjónskertra (hvítan staf).** Við ökum hægt og gefum þessu fólkvi góðan tíma til að komast sína leið. Það er einkum ef fólk bregður eða það verður hrætt að búast má við óvæntum viðbrögðum.
- **Þegar ökutæki nálgast búfé á eða við veg.** Vega-kerfi landsins er þannig að fólk sem ferðast á hestum verður víða að vera á veginum eða í vegkantinum. Þegar ekið er yfir ristarhlið (pípuhlíð) á vegi myndast hávaði sem getur fælt hest.

Stöku hestur er hræddur við bíla og jafnvel óhræddum hestum getur brugðið ef ógætilega er ekið fram hjá þeim. Oft eru börn eða unglingsar á hestunum og þau gæta sín e.t.v. tæplega sem skyldi í umferðinni. Það er því áriðandi að við ökum varlega fram hjá reiðfólki sem er á vegi eða við hann.



Mynd 4.40

Í bifreiðinni eru flutt skólabörn sem litið þekkja til umferðar.

→ Ef þú verður fyrir því óhappi að aka á dýr skalt þú reyna að ná sambandi við eigandann. Ef ekki er vitað hver á skepnuna verður þú að tilkynna lögreglu um óhappið.

**Mynd 4.41**

Viða er búfé á vegum eða í vegköntum sem fyrirvaralaust getur stokkið í veg fyrir bílinn.

**Mynd 4.42**

Ökumaður notar baksýnisspeginn þegar hann hægir snögglega á bílnum eða stöðvar hann.

Oft er búfé á vegum eða í vegköntum. Stundum eru það stórir hópar af hrossum. Mest hætta er að aka á lausagönguhross í myrkri að hausti og fram eftir vetri. Sauðfé er alltaf hættulegt þegar það gengur laust í vegköntum. Það getur hlaupið fyrirvaralaust yfir veginn, sérstaklega lömb að vorlagi. Mikilvægt er að vara sig á því þegar ærin er með lamb í vegkanti en hitt lambið hennar leynist í hinum kantinum, sjá mynd 4.41.

- **Þar sem vegavinna fer fram.** Ökumaður sem er með tæki í vegavinnu má aka því eftir þörfum vegna vinnunnar. Bílstjóri má líka keyra fram úr vegagerðartæki á þann hátt sem hentugast er. Þessar heimildir krefjast þess að ökumennirnir, bæði þeir sem eru á bíl og vegagerðartæki, aki hægt og varlega.
- **Þar sem umferðaráhapp hefur orðið.** Á óhappsstæð þurfa ökumenn að aka hægt, en sé þeirra ekki þörf á að aka fram hjá án tafar.

Bíll stöðvaður og honum lagt

Þegar bíll er stöðvaður á vegi þarf að gæta þess að það sé gert án óþæginda eða hættu fyrir aðra vegfarendur. Fyrst þarf að líta í baksýnisspegil og gæta að hvort ökutæki er hættulega nærri fyrir aftan bílinn, sjá mynd 4.42. Gott er að stíga fyrst létt á hemla og vara þannig ökumenn við sem eru fyrir aftan. Það má þegar gera 5 sekúndna akstur er frá þeim stað sem stöðva skal á, og er þá miðað við hraða bílsins þegar viðvörunin er gefin. Síðan er stigið svo þétt á hemlana sem nauðsyn krefur.

Bíll stöðvaður

Í umferðarlögum er það nefnt að **stöðva** bíl þegar t.d. farþega er hleypt inn eða út úr bíl. Það á við þegar bannað er að stöðva bíl á ákveðnum stöðum. Hins vegar er það ekki nefnt að stöðva bíl þótt stansa þurfi vegna annarrar umferðar eða þó að lögregla stöðvi umferð.

Bíll lagt

Í umferðarlögum telst það að **leggja** bíl ef hann er stöðvaður lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, ferma hann eða losa. Ef ökutæki er stopp í meira en þrjár mínútur, hvort sem ökumaður er í honum eða ekki, telst honum vera lagt. Í þéttbýli eru víða merkt bílastæði og er sjálfsagt að leggja í þau þar sem þau eru til staðar. Þar sem eru stöðumælar eða sjálfalar miðast gjaldskylda oftast við venjulegan opnunartíma verslana.

→ Stöðvaðu ekki bíl þar sem hann truflar umferð, t.d. á akbraut samhliða kyrrstæðu ökutæki.

Í stað hinna hefðbundnu stöðumæla eru við sum bílastæði sjálfalar þar sem er borgað fyrir notkun á stæðum.

Hægt er að borga með kortum eða smámynt og lengist tíminn eftir því sem meira er greitt. Bílnúmer bílsins er slegið inn í vélina og ekki er þörf á því að prenta út kvittun.

→ Stundum eru dyr kyrrstæðs ökutækis opnadar skyndilega. Hafðu augun hjá þér þegar þú ekur fram hjá kyrrstæðu ökutæki.


Ef bílnum er lagt lengur en uppgefinn tími segir til um má búast við sekt.

Þar sem ekki eru bílastæði á að leggja bílnum utan við akbrautina eða við hægri brún hennar. Ófatlaðir mega hvorki stöðva né leggja ökutækjum í stæðum sem merkt eru hreyfihömluðum.

Lagt í stæði

Algengast er að sjá bílum ekið áfram inn í stæði sem eru þvert eða á ská við akbraut. Þó er að mörgu leyti heppilegra að bakka í stæði, því að þá er verið að bakka inn á svæði sem er tiltölulega öruggt. Þegar bakkað er út úr stæði þarf að gæta að umferð frá hægri, vinstri og úr stæðum á móti. Þá eru einnig meiri líkur á því þar séu gangandi vegfarendur, sjá mynd 4.43.

Venjulega er best og öruggast að leggja í stæði samhliða akbraut með því að aka áfram inn í þau. Oft er bil milli bílanna samt það lítið að nauðsynlegt er að aka afturábak inn í stæðið til þess að bíllinn verði réttur í því.



Mynd 4.43
Bifreið ekið áfram inn í stæði.

Þegar bíl er lagt í stæði þarf hann að vera réttur í því og innan línnanna sem afmarka það. Þegar bíl er lagt á eða við akbraut þarf hann að vera samsíða henni og snúa eins og akstursstefnan á brautinni er. Hæfilegt bil þarf að vera milli bíla í bílastæðum.

Oft er bílum lagt á staði þar sem ekki eru merkt stæði eða línum sjást ekki fyrir snjó. Þá þarf að reyna að leggja þannig að rýmið nýtist sem best. Öruggast er, einkum þar sem barna er von, að leggja þannig að hægt sé að hefja aksturinn með því að aka áfram en ekki afturábak.

Víða eru staðir sem ekki má stöðva bíl á og leiðir af sjálfu sér að þar má ekki leggja. Annars staðar má ekki leggja bíl þó að þar megi nema staðar um stund.

→ Þegar þú nálgast gatnamót þarf þú að reyna að koma auga á hugsanlega hættu. Reyndu líka að ná sambandi við samferðamennina.

Bannað er að leggja ökutæki:

- Að hluta eða í heild fyrir framan innkeyrslu að húsi eða lóð.
- Við hlið ökutækis sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls eða létt bifhjóls.
- Í snúningshaus botnlangagötu.
- Þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki (má sem sagt ekki loka aðra bíla inni í stæðum eða innkeyrslum).
- Við vatnshana slökkviliðs.

Ekki má stöðva ökutæki eða leggja því:

- Á gangbraut eða innan 5 metra frá henni.
- Á vegamótum eða innan 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi.
- Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós.
- Í veggöngum, undir brú eða á brú, nema sérstaklega sé ráð fyrir því gert.
- Í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert.
- Þar sem akbraut er skipt í akreinar með óbrotinni mið- eða deililínu milli akreina eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein.
- Á hringtorgi.

Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á eftirtöldum stæðum:

- Á merktu stæði fyrir ökutæki fatlaðs fólks.
- Á biöstöð hópbifreiða innan 15 metra frá merki.
- Á merktu stæði fyrir leigubifreið, vörubifreið eða hópbifreið.
- Á merktu stæði ætluðu bifreið til rafhleðslu.
- Á merktu stæði ætluðu lögreglu eða sjúkrabifreið.
- Á merktu stæði ætluðu reiðhjóli.
- Á merktu stæði ætluðu bifhjóli.
- Á merktu stæði ætluðu fólksbifreiðum.

Sums staðar þar sem bannað er að leggja hefur verið komið fyrir merki sem táknað að ökutæki verði tafarlaust fjarlægt sé því lagt á þessum stað, sjá mynd 4.44.

Gengið frá bíl

Ökumaður stöðvar bílinn og slekkur á rúðuþurrkum, hafi þær verið í gangi. Það er nauðsynlegt að hafa fyrir reglu að slökkva á rúðuþurrkum til þess að þær fari ekki af stað sjálfar þegar vélin er ræst á ný. Á veturna er oft komið frost fyrr en varir eftir rigningu og sé þurrka frosin föst og rafstraumur tengdur á þurrkumótor geta þurrkurnar skemmst.

Á beinskíptum bíl er hann settur í lægsta gír. Sé lagt í brekku og ekið upp brekkuna er sett í fyrsta gír. Ef ekið er niður brekkuna er sett í bakkgír. Á sjálfskiptum bíl er hann settur í park (P).

Þegar farið er út úr bíl þarf að gæta þess að það valdi ekki hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Bílstjórinn verður að gæta farþeganna. Hættan er mest þegar lagt er meðfram akbraut. Þegar lagt er í þróngt stæði þarf að gæta þess að hurð sem opnuð er rekist ekki í næsta bíl.

Áður en bíll er yfirgefinn þarf að læsa honum því ekki er heimilt að skilja við bíl þannig að óviðkomandi geti flutt hann úr stað. Þess skal gætt að gleyma ekki lyklunum inni í honum. Þið ættuð ekki að skilja eftir laus verðmæti í bílnum.



Á þessu stæði má aðeins leggja rafbílum.



Mynd 4.44
Bíll sem hér er lagt verður tafarlaust fjarlægður.